



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. 06. 2023
USK23030100

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um niðurfellingu aukagjalds vegna sorphirðu

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 8. 03. 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins.

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsingar um niðurfellingu aukagjalds sorphirðu vegna 15m reglu fyrir öryrkja og eldri borgara? Flokkur fólksins hefur fengið ábendingar um að öryrkjar og eldri borgarar hafa reynt að fá upplýsingar um niðurfellingu aukagjalds sorphirðu vegna 15m reglu en ekki haft erindi sem erfiði. Spurt er: Geta eldri borgarar og öryrkja sótt um niðurfellingu á aukagjaldi sorphirðu vegna 15m reglu? Ef já þá hvernig? Er eðlilegt að það taki marga mánuði að fá svar við erindi sem þessu?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

Svar við fyrirspurn: Vinnsla beiðna um undanþágu frá ákvæði um viðbótarlosunargjald er samkvæmt verklagi samþykktu á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 28.06.2011 – sjá meðfylgjandi skjal.

Flestar voru undanþágur árið 2012 eða ellefu talsins, en í dag er veitt undanþága vegna tveggja íláta í borginni. Það misförst að svara einni fyrirspurn sem barst í upphafi árs en það mál er nú komið í farveg.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Friðrik Gunnarsson
skrifstofa umhverfisgæða